




Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **atvinnulíf** 2025–2030

Sterkari saman í átt að grænum
umskiptum á Norðurlöndum



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Pólítískar áherslur	6
Markmið 1: Hraða verður grænum og stafrænum umskiptum	11
Markmið 2: Norðurlönd leiðandi á sviði sjálfbærra viðskipalíkana og hringrásarhagkerfa	13
Markmið 3: Efla svæðisbundin og hnattræn markaðstækifæri fyrir norræn fyrirtæki	15
Úttekt á samstarfsáætluninni	17
Um ritið	18

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politknord2024-740>

Formáli



Ebba Busch, orku- og viðskiptaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar miðast við Framtíðarsýnina 2030 um að Norðurlönd skuli verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Löndin halda fast í markmið framtíðarsýnarinnar á tímum þar sem breytt landfræðipólítísk staða skapar nýjar áskoranir. Hröð tækniþróun felur í sér auknar kröfur til atvinnulífsins en felur jafnframt í sér tækifæri fyrir nýsköpun og grænan hagvöxt.

Skilyrði landanna til að mæta krítískum áskorunum breytast í sífellu en öllu máli skiptir að norrænt atvinnulíf viðhaldi getu sinni til að breytast og auka samkeppnishæfni sína. Það krefst stöðugrar endurnýjunar þar sem öflugt og markvisst samstarf um norrænar lausnir gegnir mikilvægu hlutverki.

Norrænu löndin eru í farabroddi á mörgum sviðum nýsköpunar, tækniþróunar og sjálfbærra lausna. Það færir okkur mikilvægt forskot en til að hraða grænum og stafrænum umskiptum þurfa löndin að efla samstarf sitt svo þau geti nýtt stöðu sína til að skapa traustar virðiskeðjur og nýstárleg hagkerfi þvert á landamæri.

Á grundvelli sameiginlegra gilda eru norrænu löndin í góðri stöðu til að efla stöðu fyrirtækja sinna og hraða nýsköpun og alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum. Í því liggur hið norræna notagildi. Saman erum við sterkari.

Ebba Busch

orkumála- og atvinnuvegaráðherra,
Svíþjóð

Karen Ellemann

framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um sjálfbæran hagvöxt (MR-Vækst) fjallar um pólitísk forgangsmál og markmið samstarfsins á sviði atvinnustefnu, þar með talin bygginga- og húsnæðismál, á árunum 2025-2030.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030. Þetta er kjarninn í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar, Framtíðarsýn okkar 2030, sem forsætisráðherrar landanna samþykktu í ágúst 2019. Til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika mun ný samstarfsáætlun um atvinnustefnu 2025-2030 byggjast á hinum þremur stefnumarkandi áherslusviðum Framtíðarsýnar okkar 2023 en þau eru græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Norðurlöndin hafa sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum. Loftslagsmarkmiðin munu leiða til einhverra stærstu umskipta sem orðið hafa á okkar tímum. Aukinn hraði grænna umskipta og þróun grænna lausna munu ráða úrslitum um að Norðurlöndin nái markmiðum sínum í loftslagsmálum. Græn umskipti atvinnulífsins krefjast þess að norræn fyrirtæki hafi getu og hæfni til að endurnýja sig og keppa á heimsmörkuðum þar sem efnahagslegar og landfræðipólitískar aðstæður eru ófyrirsjáanlegar. Á sama tíma eiga miklar lýðfræðilegar og samfélagslegar breytingar sér stað. Þar leynast helstu áskoranir sem liggja til grundvallar þeim meginmarkmiðum og undirmarkmiðum sem sett eru í samstarfsáætluninni um atvinnustefnu 2025-2030.

Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðrir viðeigandi aðilar komu að gerð samstarfsáætlunarinnar. Til að ná breiðri samstöðu um samstarfsáætlun sem hefur breiða skírskotun hafa Norðurlandaráð og norræna samstarfsnetið Nordic Civ fengið tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum um samstarfstímabilið 2025-2030. Áætlunin hefur einnig verið send í opinbert samráðsferli á Norden.org til að tryggja að tekið sé tillit til annarra sjónarmið en ofangreindra aðila.

Samstarfsáætlunin er stjórnþæki í samstarfi á vegum ráðherranefndarinnar um atvinnustefnu. Samstarfsáætlunin var samþykkt af Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæran hagvöxt (MR-VÆKST) hinn 4. október og mun hún gilda til 31. desember 2030.

Samstarfsáætlunin byggist á því verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar að raungera þá framtíðarsýn að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir 2030.

Samstarfsáætlunin um atvinnustefnu hefur mikilvæga þverlæga snertifleti við aðra málaflokka, einkum varðandi græn og stafræn umskipti. Þverlægt samstarf er mikilvægt til að takast á við þverlæg vandamál, nýta samlegðaráhrif og auka slagkraftinn við framkvæmd markmiða áætlunarinnar.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims




Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Pólítískar áherslur



Áskoranir og tækifæri á sviði atvinnulífs

Hinar miklu áskoranir í málefnum atvinnulífsins til ársins 2030 eru nátengdar ýmsum hnattrænum og samfélagslegum áskorunum.

Loftslagsmarkmið og umhverfissjónarmið

Tryggja verður græn umskipti og hraða þeim ef takast á að ná loftslagsmarkmiðum. Mikilvægar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum krefjast nýrrar nálgunar í nýsköpun en hún mun geta greitt fyrir þeirri hröðu tækniþróun sem er drifkraftur grænna og stafrænna umskipta og hagvaxtar á Norðurlöndum. Norrænar lausnir og þekking geta stuðlað að því að dregið verði úr losun á Norðurlöndum og aðstoðað önnur lönd við að taka á loftslagsvandinum. Gagnger umskipti gera ýmsar nýjar kröfur til atvinnulífsins. Með því að efla samstarf um nýstárlegar, grænar og sjálfbærar lausnir en einnig auka samþættingu á svæðinu geta Norðurlöndin tryggt samkeppnisfærni norrænna fyrirtækja til að skapa hagvöxt og arðbær störf sem viðhalda lífskjörum á svæðinu. Hluti samstarfsins verður að taka á sameiginlegum veikleikum og styrkja um leið stöðu Norðurlanda sem leiðandi græns svæðis.

Hnattræn samkeppni og hröð tækniþróun

Norræn fyrirtæki verða í auknum mæli fyrir hnattrænni samkeppni. Það á ekki síst við um grænar lausnir sem eru eftirsóttar um allan heim en einnig stafræna þróun sem hefur í för með sér að vörur og þjónusta verða æ óháðari landamærum og samgöngum. Stafvæðing er einn helsti þátturinn í tækniþróun og á það við þvert á öll svið. Stafræn tækni hefur þegar haft umbreytandi áhrif á hagkerfi og atvinnulíf Norðurlanda, bæði í einkageiranum og þeim opinbera. Hröð þróun gervigreindar og sjálfvirknivæðing eru dæmi um þetta. Þessi þróun mun krefjast mikillar aðlögunarhæfni af hálfu atvinnulífsins sem verður að vinna markvisst með notkun og þróun stafrænna lausna.

Landfræðipólítískar áskoranir

Landfræðipólítískar áskoranir eru orðnar mjög áberandi hvað varðar málefni atvinnulífsins og pólítískar og efnahagslegar afleiðingar þeirra eru greinilegar. Afleiðingarnar birtast meðal annars í aukinni verðbólgu og efnahagslegum samdrætti. Landfræðipólítísk óvissa veldur því að hnattrænar aðfangakeðjur verða viðkvæmar og bitnar það á framboði á mikilvægum hráefnum. Fyrir vikið þarf að auka skipulag innan svæðisins og athyglin beinist að sjálfsögðu að aðgangi Norðurlanda að mikilvægum auðlindum, aðfangakeðjum og færni til að mynda og viðhalda nýjum og grænum virðiskeðjum sem skapa ný tækifæri fyrir atvinnulífið og gefa kost á hagvexti. Nýr landfræðipólítískur veruleiki felur í sér sérstakar áskoranir fyrir Norðurlönd sem eru háð opnum alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum. Sú staða hefur breyst vegna landfræðipólítískrar spennu, vaxandi viðskiptahafta og ríkisstyrkjaaðgerða sem geta skekkt samkeppnisstöðuna. Norðurlöndin geta tekið höndum saman um að nýta sameiginlegar styrkleikastöður og taka á berskjöldun norrænna fyrirtækja.

Lýðfræðilegar og samfélagslegar breytingar

Norðurlönd standa frammi fyrir umbreytandi lýðfræðilegum og samfélagslegum breytingum sem valda stöðugt vaxandi álagi á norræn velferðar- og heilbrigðiskerfi. Árið 2040 verða 5,6 milljónir Norðurlandabúa komnar yfir sjötugt.^[1] Æ hærra hlutfall eldri borgara auk fjölgunar ólæknandi sjúkdóma og lífsstílsjúkdóma eru meðal helstu áskorana velferðarsamfélaganna. Samfélagsbreytingar munu hafa áhrif á atvinnulífið en einnig viðskiptaumhverfið. Áskoranirnar undirstrika um leið mikil sóknarfæri á Norðurlöndum fyrir nýsköpun og hagvöxt á sviðum lífvísinda, heilbrigðis og velferðar. Norræn heilbrigðis- og velferðarkerfi eru meðal þeirra öflugustu í heimi og svæðið er leiðandi á sviði notkunar á nýskapandi, stafrænum og opnum heilbrigðislausnum.^[2] Samstarf einkageira og opinbera geira atvinnulífsins, notkun og miðlun gagna ásamt samvirkni kerfa og staðla eru helstu forsendur þess að hægt sé að raungera einstök tækifæri fyrir nýsköpun og hagvöxt á sviði heilbrigðis og velferðar á Norðurlöndum.

1. Helsingren, M.B. et al. (2022). Business Case for sharing of Nordic health data. EY, Vista Analyse AS og Rosaldo OY on behalf of Nordic innovation. Norræna nýsköpunarmiðstöðin op.cit. p. 14.

Norrænn virðisauki í forgangsmálum samstarfsáætlunarinnar

Norrænn virðisauki er mikilvægt viðmið þegar meta á mikilvægi og skilvirkni norræns samstarfs.

Norrænn virðisauki er sá sem skapast af aðgerðum sem koma til viðbótar við virði sem hefði skapast í löndunum sjálfum. Norrænn virðisauki getur meðal annars falist í aðgerðum sem skapa tengsl, draga úr hindrunum og sundrung, safna saman auðlindum og færni, raungera ónýtt tækifæri og skapa samlegðaráhrif.^[3]

Norrænt samstarf um atvinnustefnu á að skapa skýran virðisauka fyrir löndin og fylla út starf þeirra í löndunum og á ESB-stigi. Til að skapa meiri virðisauka norræns samstarfs verða löndin að veðja á aukinn skilning og samstarf á sviðum þar sem styrkleikastöður landanna bæta hver aðra enn betur upp í virðiskeðjum og vistkerfum þvert á landamæri og svið. Norðurlöndin búa yfir sameiginlegum verðmætagrundi og öflugum atvinnulífi sem veitir góð skilyrði til að koma á fót sterkum klösum og sjálfbærum og öruggum virðiskeðjum sem stuðla að norrænum virðisauka. Norrænt samstarf getur gefið kost á hraðari umskiptum þar sem tekist er á við sameiginlegar áskoranir með sameiginlegum aðgerðum.

”

Til að skapa meiri virðisauka norræns samstarfs verða löndin að veðja á aukinn skilning og samstarf á sviðum þar sem styrkleikastöður landanna bæta hver aðra enn betur upp í virðiskeðjum og vistkerfum þvert á landamæri og svið.

3. European Commission (2011). *The added value of the EU budget*. Commission Staff Working Paper. SEC (2011) 867 final. 2-4.

Þverlægt samstarf

Samstarfsáætlun um atvinnustefnu og markmið hennar hafa snertifleti við ýmsa málaflokka sem að hluta til eru fyrir utan ábyrgð samstarfssviðsins. Þetta birtist meðal annars í þeim áskorunum sem norrænt atvinnulíf stendur frammi fyrir en er einnig mikilvægt fyrir vaxtargetu atvinnulífsins. Meðal annars má nefna aðgang að færni, notkun nýrrar tækni og stafvæðingu, notkun gagna og heilbrigðis- og velferðarlausnir. MR-Vækst/N (Ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt/atvinnustefnu) mun með markvissum hætti leita eftir samstarfi við aðrar ráðherranefndir þar sem þverlægt samstarf getur lagt eitthvað til markmiða Framtíðarsýnar okkar 2030 og samstarfsáætlunarinnar.

Meginmarkmið og undirmarkmið

Ráðherranefndin um atvinnustefnu hefur samþykkt meginmarkmið og undirmarkmið starfsins á árunum 2025–2030. Pólitísk forgangsmál setja rammann um aðgerðir í málaflokknum í norrænu samstarfi. Þetta þýðir að markmiðin eru grundvöllur þeirra verkefna sem ráðist verður í á sviðinu.

Markmið 1: Hraða verður grænum og stafrænum umskiptum



Undirmarkmið 1.1:
Aukið samstarf um
að efla þróun,
framleiðslu, sköln
og útflutning
grænna lausna.

Samstarf um að hraða grænum og stafrænum umskiptum getur falist í aðgerðum sem hafa það markmið að skapa nýja þekkingu og leggja fram tillögur að því hvernig löndin geta þróað, undirbúið og metið aðgerðir í atvinnulífinu og þróað áfram norrænar styrkleikastöður. Enn fremur að miðla góðum dæmum og reynslu, tilraunaverkefni og greiningar sem stuðla að bættum kjörum og aukinni samkeppnisfærni norræns atvinnulífs. Notkun stafrænna lausna, samstarf um netöryggi og önnur vandamál tengd stafvæðingu má fjalla um á vegum MR-N og í samstarfi við aðrar ráðherranefndir (til dæmis MR-Digital) þegar það á við.

**Undirmarkmið 1.2:
Aukin áhersla á að
skapa aðgang að
fjármögnun
nýstárlegra og
grænna lausna.**

Aðgangur að fjármögnun er mikilvægt málefni fyrir norrænt atvinnulíf, ekki síst við þróun nýstárlegra og grænna lausna. Beina má sjónum að tilteknum vaxtarstigum, allt frá sprotafyrirtækjum til skölunar, og að tilteknum sviðum. Norrænt samstarf um aðgang að fjármögnun á að byggjast á greiningu á göllum markaðarins og vel skilgreindum sviðum þar sem norrænar aðgerðir geta komið til viðbótar við aðgerðir/tæki landanna og alþjóðlega. Beina má sjónum að því að greina hindranir hagvaxtar og að sviðum þar sem norrænt samstarf getur stuðlað að jákvæðri þróun. Einnig getur verið um að ræða markvisst norrænt samstarf um fjármögnun þróunar og nýsköpunar, til dæmis áætlanir/tæki hjá ESB/EES.

Markmið 2: Norðurlönd leiðandi á sviði sjálfbærra viðskiptalíkana og hringrásarhagkerfa



Undirmerkið 2.1:
Aukin
aðlögunarhæfni
þegar ný tækni og
stafrænar lausnir
eru teknar í notkun,
þvert á svið og
vistkerfi.

Samstarf um að gera Norðurlöndin leiðandi á sviði sjálfbærra viðskiptalíkana og hringrásarhagkerfa getur falist í aðgerðum sem gefa fyrirtækjum betri kost á að nýta nýja tækni og tækni sem styðja við sjálfbær viðskiptalíkön.

Mikilvægur þáttur samstarfsins verða aðgerðir til að efla norræn samstarfsnet með það fyrir augum að greiða fyrir nýsköpun og þróun nýstárlegra lausna á forgangssviðum og styrkleikastöðum. Kannaðir verða möguleikar á að efla norrænt samstarf um notkun ýmis konar gagna og gagnaskipti.

**Undirmarkmið 2.2:
Markvisst samstarf
um þróun
viðnámsþols;
(viðnámsþolnar)
virðis- og
aðfangakeðjur í
grænu atvinnulífi.**

Á sviðum þar sem atvinnustefna getur skipt máli ber að efla viðnámsþol norræns atvinnulífs með markvissu samstarfi um auðlindir og mikilvæg hráefni. Meðal annars má beina sjónum að hringrásaraðgerðum, hagkvæmri auðlindanýtingu og þróun nýrrar tækni, þar á meðal framleiðsluáðferða og endurnýtingu mikilvægra hráefna. Norrænt samstarf á sviði atvinnustefnu um afhendingaröryggi og mikilvæg hráefni á yfirleitt að koma til viðbótar við aðgerðir í löndunum og samstarf á ESB-stigi.

**Undirmarkmið 2.3:
Markvisst samstarf
um sjálfbærni-
skýrslur og gögn**

Einnig má beina aðgerðum til að ná settu markmiði að þróun sameiginlegra tækja og leiðbeininga til að bregðast við kröfum um sjálfbærnisráðgjafur, og sömuleiðis sjálfvirknivæðingu og gagnaskiptum sem stuðla að verðmætasköpun og aukinni samkeppnisfærni fyrirtækja. Eins getur verið um að ræða aðgerðir sem styðja við forsendur fyrirtækja til að geta staðið undir nýjum grænum kröfum ESB og gera sjálfbærni fyrirtækja að samkeppnisforskoti.

Markmið 3: Efla svæðisbundin og hnattræn markaðstækifæri fyrir norræn fyrirtæki



Undirmarkmið 3.1:
Markvisst norrænt samtal sem styrkir stöðu og rödd Norðurlanda sem leiðandi græns svæðis í heiminum.

Samstarf um að efla svæðisbundin og hnattræn markaðstækifæri norrænna fyrirtækja þýðir að Norðurlöndin taki þegar það á við höndum saman um að tryggja sambærilegar reglur og staðla til að stuðla að afnámi stjórnsýsluhindrana og skapa góð starfsskilyrði fyrir fyrirtæki þvert á landamæri Norðurlanda. Samstarfið á að vera viðbót við samstarf sem fyrir er milli landanna, meðal annars um einföldun reglugerða. Einnig má marka afstöðu Norðurlanda ef þörf krefur við mótun reglugerða á vettvangi ESB og alþjóðlega.

**Undirmarkmið 3.2:
Efla samstarf milli
norrænna klasa og
nýsköpunarvistkerfa.**

Norðurlöndin hafa löngum lagt áherslu á sjálfbærni. Það getur veitt norrænu atvinnulífi mikilvægt forskot við framleiðslu og útflutning á nýstárlegum grænum lausnum. Fyrirtæki sem hefja snemma þróun vöru og þjónustu sem fylgir lítil losun munu geta nýtt markaðstækifæri í hnattrænu hagkerfi lítillar losunar. Græn umskipti eru orðin samkeppnisforskot rétt eins og græn stefna er orðin efnahagsstefna.^[4]

**Undirmarkmið 3.3:
Markvisst samstarf
um alþjóðavæðingu
norrænna fyrir-
tækja og nýstár-
legar lausnir sem
fela í sér hnattræn
sóknarfæri.**

Ef takast á að viðhalda og auka leiðandi stöðu Norðurlanda sem svæðis verða löndin að veðja markvisst á aukinn skilning á og samstarf um hvernig mismunandi styrkleikar landanna geta bætt hver annan betur upp í virðiskeðjum og vistkerfum. Það getur hraðað skölun og aukið útflutning á norrænum lausnum í grænum umskiptum.

4. Erhvervsministeriet (2023). *Redegørelse om vækst og konkurrenceevne*. 35.

von der Layen, U. (2023). State of the Union Address. European Commission.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnulíf 2025–2030

PolitikNord 2024:740

ISBN 978-92-893-7953-3 (PDF)

ISBN 978-92-893-7954-0 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2024-740>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Magnus Liam Karlsson/Image Bank Sweden, Simon Paulin/Image Bank
Sweden, Per Pixel Petersson/Image Bank Sweden

Útgefið: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur